

Fornleifaskráning vegna breytinga á veglínu hringvegar (1-a4) frá Fossálum að Höragsá í Skaftárhreppi.



Atli Rúnarsson

NV nr. 08-24

Apríl 2024

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning: Apríl 2024
		Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☒ Háð leyfi verkkaupa
Skýrsla nr: NV nr. 08-24	Verknúmer: 581	
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning vegna breytinga á veglínu hringveggar (1-a4) frá Fossálum að Hörgsá í Skaftárhreppi		Blaðsíður: 42
		Upplag:
Höfundur: Atli Rúnarsson		Fjöldi korta: 3
		Gerð skýrslu/verkstig: Fornleifaskráning
Verkefnisstjóri: Margrét H. Hallmundsdóttir		Unnið fyrir: Vegagerðina
Útdráttur Fornleifaskráning vegna breytinga á Þjóðvegi 1 frá Fossálum að Hörgsá. Alls fundust 25 minjar innan skráningarsvæðisins.		
Lykilorð íslensk: Fornleifaskráning, deiliskipulag, Vegagerðin, vegagerð, Keldunúpur, Hörgsland, Foss		Lykilorð ensk: Archaeological Survey, Vegagerðin, road construction, Keldunúpur, Hörgsland, Foss
Undirskrift verkefnastjóra: Margrét H. Hallmundsdóttir		Yfirfarið af: Kristínu Sylvíu Ragnarsdóttir


EFNISYFIRLIT

1.	INNGANGUR	1
2.	AÐFERÐAFRÆÐI.....	2
2.1	TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA	2
2.2	SKRÁNING FORNLEIFA	3
3.	FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ	4
3.1	SAGA KELDUNÚPS.....	4
3.2	FORNLEIFASKRÁNING KELDUNÚPS.....	6
3.3	SAGA HÖRGSLANDS.....	21
3.4	FORNLEIFASKRÁNING HÖRGSLANDS.....	23
3.5	SAGA FOSS	31
3.6	FORNLEIFASKRÁNING FOSS	32
4.	NIÐURSTÖÐUR.....	34
5.	HEIMILDASKRÁ	37
6.	KORT.....	39


1. INNGANGUR

Að beiðni Vegagerðarinnar á suðursvæði réðst fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða í fornleifaskráningu vegna breytinga á veglínu á Þjóðvegi 1 á Síðu. Vegkaflinn er staðsettur milli jarðanna Keldunúps og Þverár í Hörgslandshreppi í Vestur-Skaftafellssýslu. Skráð var fyrir veglínu á

svipuðum slóðum árið 2021¹ en búið er að breyta hönnun á henni og komin uppástunga á annarri veglínu sunnan við þá sem skráð var fyrir.



Mynd 2. Staðsetning skráningarsvæðisins er merkt með gulum punkt.



Mynd 1. Uppástungur á veglínunum á svæðinu. Hvíta línan er sú sem var skráð árið 2021 og gula er sú sem fjallað er um í þessari skýrslu.

¹ Sjá: Kristín Sylvía Ragnarsdóttir & Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2021.

2. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Notast var við Trimble Juno 5 uppmælingatæki, dróna og myndir teknar á jörðu niðri.

2.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bolum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 SKRÁNING FORNLEIFA

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar voru mældar upp. Verkefnið fékk númerið 3181 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 3181-001.

Þær minjar sem voru skráðar árið 2021 fengu verkefnanúmerið 2603 og halda þær minjar því númeri í þessari skýrslu.

3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ

Nýr vegur mun vera lagður yfir þrjár jarðir á svæði sem kallast Síða í Vestur Skaftafellssýslu. Það eru jarðirnar Keldunúpur, Hörgsland og Foss. Ekki eru til jarðarbókahefti fyrir Skaftafellssýslu og er talið að þau hafi brunnið með húsi Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn árið 1728.²

3.1 SAGA KELDUNÚPS

Keldunúpur er jörð á Síðu sunnan og vestan við jörðina Hörgsdal og austan við jörðina Breiðabólstað.³ Keldunúpur kemur fram í nafnaskrá íslenskra presta frá 1143 þar sem Bjarnhéðinn Sigurðsson var sá er setti kristbú á Keldunúpi.⁴ Þar að auki kom Keldunúpur fyrir í málðaga fyrir kristbúi á Keldunúpi á Síðu frá um 1150 sem Bjarnhéðinn og Ögmundur settu. Í málðaganum kom fram að jörðin hafi verið talin fátækra eign í Síðuhreppi og ekkert gjald af henni tekið til klaustursins.⁵

Dýrleiki og leigumál jarðarinnar er misjafn og eftir málðögum frá 1697 telja sýslumenn jörðina metna á 18 hundruð, landskuld 1 hundruð og 100 álnir og 6 kúgildi. Árið 1756 var landskuld talin 60 álnir og 2 kúgildi. Árið 1760 var dýrleikinn og leigumálinn eins og árið 1697. Árið 1805 var dýrleikinn einungis 6 hundruð og leigumálinn að halda einn af hreppsómögunum.⁶

Árið 1821 sendi Þórður prófastur Brynjólfsson biskupi skýrslu sem sagði: „Í Kirkjubær klausturs sókn er kristbúsjörðin Keldunúpr, sem eptir gömlum málðaga finnst að vera gefin af Bjarnhéðni nokkrum og Ögmundi, en óvíst er hverir þessir voru eða hvenær. Í málðaganum er grein um tilgang gjafarinnar, nl. að jarðar ábúandinn skyldi annast kvennómaga, sem gæti klædt sig og afklædt, fyrir utan aðrar smámatgjafir. Jörðinni fylgdu þá 3 (iii, rétt. vj) kvígildi.

² Sigurgeir Steingrímsson

³ Örnefnaskrá Keldunúps, Ari Gíslason skráði, bls. 1,3.

⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 1. bindi, 1947-1950, bls. 188

⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 1. bindi, 1947-1950, bls. 200-201

⁶ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 1. bindi, 1947-1950, bls. 200-201.

*Tilgánger gjafarinnar viðheldts ennnú um téðar matgjafir, en 2 ½ kvígildi er burtfallið, án þess verði eptir komizt hvenær það skeði.*⁷

Árið 1841 hafði prófastur á hendi byggingu og umsjón með jörðinni í biskups umboði.⁸ Í jarðatali Johnsen frá 1847 var Keldunúpur metinn á 18 hundruð, landskuld 1 hundruð og 100 álnir og 6 kúgildi⁹, það sama og jörðin var metin á árið 1697.

Í máldaga Kirkjubæjarklausturs frá 1343 og 1397 kom fram að ítölur klaustursins í Kirkjubæ voru hálf mörk frá Keldunúpi.¹⁰ Eignir Keldunúps komu fram í máldaga kristbúsins á Keldunúpi frá árinu 1397.¹¹

Keldunúps var getið í fornu skjali, Hítardalsbók frá 1367¹² og í Máldaga Gísla biskups Jónssonar frá um 1570.¹³

Innan landamarka Keldunúps 15 skráðar árið 2021. Voru það fimm tóftir með óþekkt hlutverk, einn niðurgröftur, tvær réttir, þrjú garðlög, einn stekkur, eitt fjárhús, einn vegur og ein beðaslétta. Litlar líkur eru á því að minjarnar séu í hættu vegna framkvæmda á jörðinni þar sem nýi vegurinn fylgir núverandi veg.

⁷ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 1. bindi, 1947-1950, bls. 200-201.

⁸ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 1. bindi, 1947-1950, bls. 200-201.

⁹ J. Johnsen, 1847, bls. 7.

¹⁰ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 2. bindi, 1947-1950, bls. 781; 4. bindi, bls. 239.

¹¹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 4. bindi, 1947-1950, bls. 236.

¹² Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 3. bindi, 1947-1950, bls. 234.

¹³ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 15. bindi, 1947-1950, bls. 707.

3.2 FORNLEIFASKRÁNING KELDUNÚPS

Númer: 2603-001

Hlutverk: Rétt

Tegund: Aðhald

Staðsetning: A:549514 N:368964

Ástand: Greinanlegar fornleifar

Horfin: Nei

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Vegna vegagerðar

Friðlýst: Nei

Staðhættir:

Réttin er staðsett í um 500 m sunnan við Keldunúps bæinn og um 10 m norðan við núverandi veg á svæði sem kallast Vondaskák. Réttin er sambyggð garði þar sem norðvestur veggur er sameiginlegur. Svo virðist sem að núverandi vegur hefur skorið í garðinn sem er föst við réttina og hefur hann að öllum líkindum verið ferkantað.

Minjalýsing:

Réttin sjálf er um 17,5 m á lengd og 12,5 m á breidd og er veggjaþykkt um 3 m. Garðurinn sem réttin er föst við hefur verið raskaður og er einungis L-laga garður eftir. Stærð garðsins er 37 m langur og 19,5 m breiður og er veggjaþykkt um 3,5 m þar sem hann er þykkastur.



Mynd 4. Rétt 2603-001 ofan við þjóðveginn.



Mynd 3. Hér fyrir miðju sjást hleðslur réttarinnar og garðsins 2603-001.

Númer: 2603-002**Hlutverk:** Túngarður**Tegund:** Garðlag**Staðsetning:** A: 549705 N:368977**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Hættumat:** Lítil hættu**Hættuorsök:** Vegna vegagerðar**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:**

Garðlagið er staðsett í um 42 m sunnan við Þjóðveg 1.

Minjalýsing:

Garðlagið snýr í austur-vestur og er um 40 m langt og 4,5 m breitt. Líklega hefur það verið hluti af stærra garðlagi sem hefur verið raskað við vegagerð á sínum tíma. Mögulega hefur það tengst við garðlagið sem er fast upp við réttina norðvestan megin við veginn.



Mynd 5. Staðsetningar réttar 2603-001 og garðlags 2603-002. Appelsínugult er miðlína vegs sem breytist ekkert.

Númer: 2603-003**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðsetning:** A: 550068 N:369157**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Hættumat:** Lítil hættu**Hættuorsök:** Vegna vegagerðar**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:**

Tóftin er staðsett á sléttu svæði milli Birnulækjar og svæðis sem kallast Glennarar. Birnuflóð og Birnuhólar eru neðan við svæðið. Á holtinu er tóftarþyrping og eru sex tóftir sjáanlegar á yfirborði, niðurgroftur og garðlag.



Mynd 6. Staðsetning á rúst 2603-003 í rústaþyrpingu

Mögulegt er að þar hafi verið býli áður, en ekki finnast heimildir um að það. Tóftin er í um 5 m sunnan við garðlag [2603-010] og 10 m vestan við tóft [2603-004.]

Minjalýsing:

Tóftin er ílöng og er veggjahæð þess um 15 cm hátt. Lengd tóftarinnar er 7 m, breidd er um 3,5 m og er op til suðvesturs. Innanmál hennar er 4,1 m að lengd og 1,6 m að breidd.




Mynd 7. Tóftarþyrpingin á Stekkjarholti. Uppi til vinstri sést rétt svo í tóft 2603-007, þar niður frá henni er garðlag 2603-010. Vinstra megin við garðlagið er tvíhólfa tóft 2603-006. Ferkanta tóft 2603-004 og niðurgroftur 2603-005 eru rétt sjáanleg hægra megin við garðlagið. Hægra megin á myndinni sjást tóftir 2603-008 og 2603-009. Tóft 2603-003 er staðsett beint fyrir miðju myndarinnar.

Númer: 2603-004**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðsetning:** A: 550087 N:369156**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Hættumat:** Lítil hætta**Hættuorsök:** Vegna vegagerðar**Friðlýst:** Nei

Staðhættir Tóftin er staðsett á sléttu svæði milli Birnulækjar og svæðis sem kallast Glennarar. Birnuflóð og Birnuhólar eru neðan við svæðið. Á holtinu er tóftarþyrping og eru sex tóftir sjáanlegar á yfirborði, niðurgröftur og garðlag. Mögulegt er að þar hafi verið býli áður, en ekki finnast heimildir um að það. Tóftin er um 10,5 m norðaustan við tóft [2603-009] og 6 m sunnan við niðurgröft [2603-005].

Minjalýsing:

Tóftin er ferköntuð og er veggjahæð hennar um 20 cm hátt. Lengd tóftarinnar er 11,8 m, breidd er um 10,8 m og er op til suðvesturs. Innanmál hennar er 6,3 m að lengd og 4,7 m að breidd.



Mynd 8. Staðsetning á rúst 2603-004 í rústaþyrpingunni.



Mynd 9. Rúst 2603-004 á yfirborði. Allar rústirnar eru lágar og frekar ógreinanlegar.

Númer: 2603-005**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Niðurgröftur**Staðsetning:** A: 550078 N: 369172**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Hættumat:** Lítil hættu**Hættuorsök:** Vegna vegagerðar**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:**

Tóftin er staðsett á sléttu svæði milli Birnulækjar og svæðis sem kallast Glennarar. Birnuflóð og Birnuhólar eru neðan við svæðið. Á holtinu er tóftarþyrping og eru sex tóftir sjáanlegar á yfirborði, niðurgröftur og garðlag. Mögulegt er að þar hafi verið býli áður, en ekki finnast heimildir um að það. Niðurgröfturinn er staðsettur rétt sunnan við garðlag [2603-010] og um 6 m norðan við tóft [2603-004].

Minjalýsing:


Niðurgröfturinn er 7,5 m langur og 20 cm breiður. Ekki er vitað hvert hlutverk niðurgraftarins var en líklega hefur hann tengst byggingunum.

Númer: 2603-006**Hlutverk:** Fjárhús**Tegund:** Tóft**Staðsetning:** A: 550063 N:369178**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Hættumat:** Lítil hætta**Hættuorsök:** Vegna vegagerðar**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:**

Tóftin er staðsett á sléttu svæði milli Birnulækjar og svæðis sem kallast Glennarar. Birnuflóð og Birnuhólar eru neðan við svæðið. Á holtinu er tóftarþyrping og eru sex tóftir sjáanlegar á yfirborði, niðurgröftur og garðlag. Mögulegt er að þar hafi verið býli áður, en ekki finnast heimildir um að það. Tóftin er um 65 m sunnan við núverandi þjóðveg og um 10 m norðan við garðlag [010].

Minjalýsing:

Tóftin hefur tvö hólfi og er með op til suðurs. Heildar lengd tóftarinnar er 6 m og breidd er um 5 m. Vestari hólfið er 3,7 m að lengd og er innanmál þess 2 m langt og 1,5 m breitt. Austara hólfið er 5 m langt og er innanmál þess 3,5 m langt og 1,5 m breitt. Líklegt er að þetta sé fjárhús og hlaða.



Mynd 10. Staðsetning á rúst 2603-006 í rústaþyrpingunni.




Mynd 11. Rúst 2603-006 á yfirborði.

Númer: 2603-007**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðsetning:** A: 550100 N:369211**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Hættumat:** Lítil hætta**Hættuorsök:** Vegna vegagerðar**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:**

Tóftin er staðsett á sléttu svæði milli Birnulækjar og svæðis sem kallast Glennarar. Birnuflóð og Birnuhólar eru neðan við svæðið. Á holtinu er tóftarþyrping og eru sex tóftir sjáanlegar á yfirborði, niðurgroftur og garðlag. Mögulegt er að þar hafi verið býli áður, en ekki finnast heimildir um að það. Tóftin er staðsett 12 m austan við garðlag [2603-010].

Minjalýsing: Tóftin er næstum ferköntuð og er veggjahæð hennar um 30 cm hátt. Tóftin er 8,3 m að lengd, 6,5 m að breidd og er op til suðvesturs. Innanmál hennar er 4,7 m að lengd og 3,5 m að breidd.



Mynd 12. Staðsetning á rúst [2603-007] í rústaþyrpingu



Mynd 13. Rúst [2603-007]. Rétt neðan við beðasléttunna.


Númer: 2603-008**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðsetning:** A: 550068 N:369141**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Friðlýst:** Nei**Staðhættir:**

Tóftin er staðsett á sléttu svæði milli Birnulækjar og svæðis sem kallast Glennarar. Birnuflóð og Birnuhólar eru neðan við svæðið. Á holtinu er tóftarþyrping og eru sex tóftir sjáanlegar á yfirborði, niðurgröftur og garðlag. Mögulegt er

að þar hafi verið býli áður, en ekki finnast heimildir um að það. Tóftin er staðsett í um 5 m utan við áhrifasvæði veglínu en hún er höfð hér með þar sem hún er hluti af tóftarþyrpingunni sem er á Stekkjarholti.

Minjalýsing:

Tóftin er næstum hringlaga og er veggjahæð hennar um 20 cm hátt. Tóftin er 5,4 m að lengd, 4,5 m að breidd og er opin til suðvesturs. Innanmál hennar er um 3 m að lengd og 2,5 m að breidd.



Mynd 14. Staðsetning á rúst [2603-008] í rústaþyrpingu


Númer: 2603-009**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðsetning:** A: 550080 N:369136**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Friðlýst:** Nei**Staðhættir:**

Tóftin er staðsett á sléttu svæði milli Birnulækjar og svæðis sem kallast Glennarar. Birnuflóð og Birnuhólar eru neðan við svæðið. Á holtinu er

tóftarþyrping og eru sex tóftir sjáanlegar á yfirborði, niðurgröftur og garðlag. Mögulegt er að þar hafi verið býli áður, en ekki finnast heimildir um að það. Tóftin er staðsett í um 10 m utan við áhrifasvæði veglínu en hún er höfð hér með þar sem hún er hluti af tóftarþyrpingunni sem er þar á Stekkjarholti.

Minjalýsing:

Tóftin er næstum ferköntuð með rúnuð horn og er veggjahæð hennar um 25 cm. Tóftin er 10,5 m löng, 8,5 m að breidd og er opin til suðvesturs. Innanmál hennar er um 5,3 m að lengd og 3,5 m að breidd.



Mynd 15. Staðsetning á rúst [2603-009] í rústaþyrpingu

Númer: 2603-010**Hlutverk:** Túngarður**Tegund:** Garðlag**Staðsetning:** A: 550085 N:369207**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Hættumat:** Lítil hætta**Hættuorsök:** Vegna vegagerðar**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:**


Garðlagið er staðsett á svæði sem kallast Stekkjarholt. Þar er tóftarþyrping og eru sex tóftir sjáanlegar á yfirborði, niðurgröftur og garðlag. Garðlagið er staðsett milli tóftar [2603-006] og tófta [2603-003, 2603-004, 2603-008, 2603-009] og niðurgraftar [2603-005].

Minjalýsing:

Garðlagið er 62 m langt og snýr efri hluti þess í norður-suður og beygir það svo og snýr í suðvestur-norðaustur.



Mynd 16. Hér sér móta fyrir túngarði á túninu.



Mynd 17. Tóftarþyrping ofan við Birnuhóla og Birnuflód ásamt niðurgreftri [2603-005] og garðlagi [2603-010].

Númer: 2603-011**Sérheiti:** Glennarar**Hlutverk:** Beðslétta**Tegund:** Tún**Staðsetning:** A:550071 N:369253**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Hættumat:** Lítil hættu**Hættuorsök:** Vegna vegagerðar**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Keldunúps segir; „Austan í Børðunum er stórt holt, rétt vestan við ána, sem heitir Stekkjarholt. Mýrinni var skipt í skákir neðan við þjóðveginn. Næst brúnni á Hörgsá er Innstaskák. Þar er nýrækt. Aðeins vestar eru Glennarar, ”¹⁴

Minjalýsing:

Glennarar er graslendi þar sem greinilegar rákir eru sjáanlegar í túninu. Beðsléttur á túninu ná yfir svæði sem er um 234 m að lengd og 72,5 m að breidd.



Mynd 18. Beðslétta [011] á svæði sem kallast Glennarar.



Mynd 19. Beðsléttur [2683-011] norðaustan við tóftarþyrpingu á Mönudýsskák.

¹⁴ Örnefnaskrá Keldunúps, Ari Gíslason skráði, bls. 1.

Númer: 2603-012**Hlutverk:** Túngarður**Tegund:** Garðlag**Staðsetning:** A: 550267 N: 369405**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Hættumat:** Lítil hættu**Hættuorsök:** Vegna vegagerðar**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Keldunúps segir: „Austan í Börðunum er stórt holt, rétt vestan við ána, sem heitir Stekkjarholt. Mýrinni var skipt í skákir neðan við þjóðveginn. Næst brúnni á Hörgsá er Innstaskák. Þar er nýrækt. Aðeins vestar eru

Glennarar.”¹⁵ Garðlagið er í 24 m fjarlægð suðaustan við þjóðveg og er staðsett rétt vestan við Stekkjarholt á graslendi sem kallast Glennarar.

Minjalýsing:

Garðlagið er bogadregið og er lengd þess um 50 m og breidd þess er 3,2 m. Garðlagið hefur líklegast haldið áfram til norðurs en því hefur verið raskað við gerð núverandi þjóðvegs.



Mynd 20. Garðlag [2603-012] á Stekkjarholti.

¹⁵ Örnefnaskrá Keldunúps, Ari Gíslason skráði, bls. 1.

Númer: 2603-013**Hlutverk:** Stekkur**Tegund:** Tóft**Staðsetning:** A: 550328 N:369454**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Hættumat:** Lítil hætta**Hættuorsök:** Vegna vegagerðar**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:**

Norðaustan við garðlag [2603-012] er flöng tóft með rúnnuð horn. Tóftin er staðsett á holti sem kallast Stekkjarholt og er líklegt að hér hafi verið stekkur. Í örnefnaskrá Keldunúps segir: „Austan í Börðunum er stórt holt, rétt vestan við ána, sem heitir Stekkjarholt.“¹⁶ Tóftin er um 20 m norðan við rétt [2603-014].

Minjalýsing:

Flöng tóft sem snýr í norðvestur-suðaustur og hefur ekkert greinilegt op. Tóftin er 10,5 m löng og 5,5 m breið. Innanmál er 8,5 m að lengd og 4 m að breidd. Veggjapykkt er um 1 m.



Mynd 21. Fyrir miðju sést líkleg stekkarúst [2603-013] og er hún staðsett á holti sem kallast Stekkjarholt.

¹⁶ Örnefnaskrá Keldunúps, Ari Gíslason skráði, bls. 1.

Númer: 2603-014**Hlutverk:** Rétt**Tegund:** Aðhald**Staðsetning:** A: 550345 N:369425**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Hættumat:** Lítil hættu**Hættuorsök:** Vegna vegagerðar**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:**

Réttin er staðsett á holti sem kallast Stekkjarholt og er líklegt að þar hafi verið stekkur ofan við réttina. Í örnefnaskrá Keldunúps segir: „*Austan í Börðunum er stórt holt, rétt vestan við ána, sem heitir Stekkjarholt.*“¹⁷ Réttin er um 20 m sunnan við líklega stekkjartóft [2603-013]. Réttin er merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1904.

Minjalýsing:

Hringlaga rétt sem virðist hafa tvö op, stærra opið er til norðvesturs og það minna til suðurs. Réttin er 12 m löng og 10,8 m breið. Innanmál réttarinnar er 8 m að lengd og 7 m að breidd. Veggjaþykkt er um 2 m.



Mynd 22. Rétt [2603-014] staðsett á Stekkjarhól.

¹⁷ Örnefnaskrá Keldunúps, Ari Gíslason skráði, bls. 1.


Númer: 2603-015**Hlutverk:** Leið**Tegund:** Vegur**Staðsetning:** A: 550042 N:369366**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Já**Hættumat:** Lítil hættu**Hættuorsök:** Vegna vegagerðar**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:**

Inn á Herforingjaráðskorti frá 1904¹⁸
er vegur merktur fram hjá bænum

Keldunúpi og fram fyrir Keldunúp við Stekkatún og heldur þaðan áfram til norðurs yfir Núpsmýri og þaðan upp yfir Hörgsá. Vegurinn fer rétt sunnan við minjar sem eru við Stekkatúnið og fylgir þar núverandi Hörgsdalsvegi.

Minjalýsing:

Vegurinn er ekki sjáanlegur á yfirborði en bílför eru sjáanleg á svipuðum stað og vegurinn hefur legið og hefur núverandi vegur upp að Hörgsdal líklega verið lagður á sama stað og eldri vegurinn. Vegurinn var að minnsta kosti 315 m langur innan áhrifasvæðis.



Mynd 23. Garðlag [2603-012], stekkjarrúst [2603-013] og rétt [2603-014] á Stekkjarholti. Vegur [2603-015] er staðsettur norðan við núverandi veg og fer rétt fram hjá Stekkatúni þar sem minjar eru sjáanlegar ofan við veginn. Minjar þessar eru utan 100m áhrifasvæðis við veg.

¹⁸ Herforingjaráðskort, Prestbakki-Kirkjubæjarklaustur, N.V. 78, 1904.

3.3 SAGA HÖRGSLANDS

Hörgslandsþorp eru jarðir næst vestan við Foss á Síðu. Þar eru bæirnir Hörgsland I og II, Hörgslandskot og Múlakot.¹⁹ Í Jarðatali Johnsen frá 1847 er jörðin Hörgsland metin á 24 hundruð ásamt hjáleigunum Hörgslandskoti, Mosakoti og Múlakoti, og var ábúandi jarðarinnar spítalavörður. Þar kemur fram að ekki var getið um hjáleigurnar fyrr en árið 1806, nema Hörgslandskot sem var nefnt 1760.²⁰

Hörgsland á Síðu er getið í Svenfellssögu í Sturlungasögu. Þar kemur fram að Sæmundur Ormsson, goði á Svínafelli í Öræfum, ætti þar bú sem hann hafði tekið landið af Hákonni smíð Móðólfssyni.²¹

Í máldaga Kirkjubæjarklausturs frá 1343 og 1397 kemur fram að ítölur klaustursins í Kirkjubæ séu hálf mörk af Hörgslandi.²² Í sóknarbréfi Jóns Oddssonar á Hörgslandi frá árinu 1512 kom fram að Jón Oddsson á Hörgslandi gaf Erlendi bónda Bjarnarsyni eignir og sóknarfé nokkurt.²³

Á 17. öld voru hér á landi stofnaði spítalar í hverjum landsfjórðungi og var lagt til að jarðirnar Hörgsland, Kallaðarnes, Klausturhólar, Gufunes, Hallbjarnareyri og Möðrufell yrðu nýttar í það. Þessir spítalar voru einkum ætlaðir holdsveikum. Var þá árið 1652 Hörgsland á Síðu látin vera spítalajörð fyrir austurlandið. Um 1760 var landlæknisembættið stofnað og með því hurfu þeir spítalar en þó héldu jarðirnar áfram að vera spítalajarðir og afgangur þeirra og spítalahlutir greiddust í spítalasjóð sem síðar rann inn í landssjóð.²⁴

Innan Hörgslands jarðar eru margar áveitur. Áveiturnar hefur verið komið upp til að tryggja góðan grasvöxt og garðar gerðir til að hafa hemil á vatninu, hvort sem mikið var í ánum eða ekki.²⁵ Áveiturnar á Síðu voru líklega bæði seytluveitur og flóðáveitur þar sem

¹⁹ Örnefnaskrá Hörgslandsþorps, Ari Gíslason skráði, bls. 1.

²⁰ J. Johnsen, 1847, bls. 7, 447.

²¹ Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn, 1946, bls. 97-98.

²² Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 2. bindi, 1947-1950, bls. 781 & 4. bindi, bls. 239.

²³ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 8. bindi, 1947-1950, bls. 364.

²⁴ Jón Þorkelsson, 1908, bls. 7.

²⁵ Sigurður Sigurðsson, 1919, bls. 1.

vatni er veitt í skurðakerfi frá upptökustað yfir stærra landssvæði.²⁶ Seytluveitur eru þegar vatni er leitt eftir skurðum út frá vatni og þaðan dreift yfir áveitusvæði. Þar skipta flóðagarðar svæðinu í hólf og eru ræsi sem liggja í gegnum flóðagarðana. Flóðáveitur voru oft í mýrlendi og á hallalitlum svæðum, þar flæddi vatn inn við réttar aðstæður með aðstoð flóðgarða.²⁷

Áveitur voru almennt stundaðar til forna og er meðal annars sagt í Grágás: „*Hann á að gera stíflur í engi því, en hann vill, og grafa engi sitt til, og veita svo vatni á engið. Hann skal á sínu landi hefja upp veituna, enda skal þaðan falla á hinn forna farveg. Eigi skal hann annara manna lönd meiða í veitu sinni.*“²⁸

Sumarið 1875 ferðaðist Sveinn búfræðingur Sveinsson um Skaftafells- og Rangárvallasýslur. Á því ferðalagi leiðbeindi hann veitnsveitingar á 80 bæjum af þeim 122 sem hann ferðaðist til. Sumrin 1876 og 1877 leiðbeindi hann framfærslu og áveitu á rúmum 100 bæjum til viðbótar.²⁹

Í Vestur-Skaftafellssýslu eru miklar áveitur og á Síðunni eru áveitur á flestum jörðum. Stærstu áveiturnar eru að finna á Hörgslandi, Breiðabólsstað, Fossi, Maríubakka og Teigingalæk.³⁰ Á Brunasandi eiga Foss og Hörgsland á Síðu mikið land sem gróið hefur upp. Sigurður Sigurðarson segir svo um áveiturnar þar; „*Allstaðar á sandinum hagar vel til með áveitu. Hefir þegar verið gert þar töluvert í því efni, einkum á Teigingalæk og Hruna. En áveitusvæði mætti auka mjög mikið, og nota til þess vatnið úr lækjunum, og svo Fossálana að vestanverðu, einkum á svonefndar „Svæður“, sem tilheyra Fossi og Hörgslandi. Það er engum vafa undirorpið, að mestan hluta Brunasands mætti gera að samfelldu áveituengi, bæði með uppistöðu að neðanverðu á Sandinum og seytluveitu að ofan. – Áveituvatnið er bergvatn, en allstaðar þar sem því er veitt á, er komin sæmileg slægja eftir 2-3 ár.*“³¹

Innan landamarka Hörgslands voru tólf minjar skráðar, þar af voru átta minjar skráðar árið 2021. Það voru átta áveitur, tveir vegir, útihús og óþekkt hleðsla.

²⁶ Pálmi Einarsson, 1941, bls. 85.

²⁷ Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2020, bls. 16-17.

²⁸ Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson, & Mörður Árnason, 1992, bls. 95.

²⁹ Sigurður Sigurðsson, 1919, bls. 10.

³⁰ Sigurður Sigurðsson, 1919, bls. 16.

³¹ Sigurður Sigurðsson, 1919, bls. 56.

3.4 FORNLEIFASKRÁNING HÖRGLANDS

Númer: 3181-001

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 551643.1 N: 370015.3

Ástand: Greinanlegar fornleifar

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegagerð

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Innan girðingar á túni í Hörgslandi.

Um 115m ANA við áveitugarð 3181-003 og um 100m vestan við áveitugarð 3181-002.

Minjalýsing: Útihúsatóft, enginn sjáanlegur inngangur. Tóftin er úr torfi, sokkin í miðjunni og það virðist sem torf hafi verið tekið í kring um hana. Veggjahæð er frá 0 – 0.5m og veggjabreidd um 1m að jafnaði. Tóftin er um 27m norðan við fyrirhugað vegstæði.



Mynd 24. Drónamynd af útihúsi 3181-001. Útihúsið er fyrir miðju á myndinni



Mynd 25. Uppmæling af útihúsi 3181-001.

Númer: 3181-002

Hlutverk: Áveita

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 551742.9 N: 370004.5

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Horfin: Nei


Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegagerð

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Innan girðingar á túni Hörgslands, um 100m austan við tóft 3181-001.

Minjalýsing: Áveitugarður úr torfi sem er samtals um 300m langur. Frá vestri liggur hann í um 113m í NA og þaðan liggur hann nánast í norður um 186m. Garðurinn er að jafnaði um 0.5m hár og um 0.7m breiður. Búið er að leggja girðingu ofan á garðinn og hann er um 28m frá fyrirhuguðu vegstæði.



Mynd 26. Drónamynd af áveitugarði 3181-002.



Mynd 23. Uppmæling af áveitugarði 3181-002

Númer: 3181-003

Hlutverk: Áveita

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 551468.2 N: 369923.2

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegagerð

Friðlýst: Nei


Staðhættir: Innan girðingar á túni Hörgslands, um 110m SV við útihúsatóft 3181-001 og um 50m S við áveitugarð 2603-017.

Minjalýsing: Áveitugarður úr torfi sem skiptist í tvennt. Syðri hluti garðsins liggur nokkurnvegin í ANA og er 290m langur, garðurinn er rofinn af skurði í vestur enda. Um 80m frá vestur enda syðri garðsins skiptist hann og liggur í um 125m í norður og beygir svo þar og liggur í um 230m í NA. Veggjahæðin er frá 0 – 1.2m og veggjabreiddin er að jafnaði um 1m.

Fyrirhugað vegstæði liggur yfir áveitugarðinn.



Mynd 27. Drónamynd af áveitugarði 3181-003.



Mynd 28. Uppmæling af áveitugarði 3181-003.

Númer: 3181-004

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A: 552033.2 N: 369955.4

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegagerð

Friðlýst: Nei

Staðhættir:


Um 160m austan við Rauðá og um 145m SV við veg 2603-022., innan girðingar túns Hörgslands.

Minjalýsing:

Tvískipt hleðsla úr torfi, hlutverk er óþekkt, vestari hleðslan er töluvert meira sokkin en sú austari. Veggjahæð er frá 0 – 1.5m og veggjabreidd er að jafnaði um 1m. Hleðslan er um 9m sunnan við fyrirhugað vegstæði.



Mynd 29. Drónamynd af hleðslu 3181-004.



Mynd 30. Uppmæling af hleðslu 3181-004.

Númer: 2603-016

Hlutverk: Áveita

Tegund: Garður, niðurgröftur

Staðsetning: A: 551417 N: 370171

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegna vegagerðar

Friðlýst: Nei


Staðhættir:

Áveitan er staðsett á engjastykki sem kallast Mosakotsengjar og tengist við áveitu [2603-017].

Minjalýsing:

Vatn hefur runnið í skurði meðfram garðinum og myndar áveitan tvö hólfi og hefur það verið til að hafa betri stjórn á vatninu út á engjarnar. Vestari hólfið er 85 x 75 m að stærð og austari hólfið er 160 x 105 m að stærð. Alls er áveitan er 250 m að lengd og myndar hólfi við áveitu [2603-017] sunnan til. Aðfærsluskurður er vestan við áveituna.

Áveitan er um 80m norðan við fyrirhugað vegstæði.



Mynd 31. Áveitur [2603-016] og [2603-017]. Þar sjást hólfi sem hafa verið til að hafa stjórn á vatninu út á engjarnar.

Númer: 2603-017

Hlutverk: Áveita

Tegund: Garður, niðurgröftur

Staðsetning: A: 551433 N: 370139

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegna vegagerðar

Friðlýst: Nei


Staðhættir:

Áveitan er staðsett á engjastykki sem kallast Mosakotsengjar og tengist við áveitu [2603-016].

Minjalýsing:

Ferkantað hól er á áveitunni vestan megin og hefur það verið til að hafa betri stjórn á vatninu út á engjarnar. Hólfið er 63 x 60 m að stærð og er op sunnan megin. Áveitan er 238 m að lengd og virðist mynda hól við áveitu [2603-016] norðan til þar sem op er norðaustan megin á milli þeirra. Aðfærsluskurður er vestan við áveituna.

Fyrirhugað vegstæði liggur yfir hólfið á áveitunni.



Mynd 32. Áveitur [2603-016] og [2603-017]. Þar sjást hól sem hafa verið til að hafa stjórn á vatninu út á engjarnar.

Númer: 2603-022

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Staðsetning: A: 552168 N:370025

Ástand: Illgreinanlegar fornleifar

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hættu

Hættuorsök: Vegna vegagerðar

Friðlýst: Nei

Staðhættir:

Vegur liggur frá Gömlusvæðum meðfram Merkilæk vestan megin og upp að Gunnarsflóði.

Minjalýsing:

Vegurinn er rétt sjáanlegur meðfram Merkilæk og er um 723 m að lengd og um 3 m að breidd. Líklega hefur vegurinn verið notaður til þess að komast niður að Gömlusvæðum þar er sandur sem er að gróa upp.

Númer: 2603-023**Hlutverk:** Leið**Tegund:** Vegur**Staðsetning:** A: 550485 N:369457**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Já**Hættumat:** Lítil hættu**Hættuorsök:** Vegna vegagerðar**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:**

Inn á Herforingjaráðskort frá 1904³² er merktur vegur á milli jarðanna Keldunúps og Hörgslands. Vegurinn á upptök sín við varðaðan veg við mýrina Birnuflóð og fer þaðan upp til norðurs með Hörgsá, yfir Trékerlingarbakka og graslendið Aurhólma og þaðan upp að Hörglandsþorpi.

Minjalýsing:

Vegurinn er ekki sjáanlegur á yfirborði en hefur hann verið að minnsta kosti um 711 metrar.

³² Herforingjaráðskort, Prestbakki-Kirkjubæjarklastur, N.V 78, 1904

3.5 SAGA FOSS

Jörðin Foss á Síðu er vestan við jarðirnar Þverá og Hraunból, og austan við jörðina Hörgsland. Á Fossi eru sex bæir, einn er neðan við núverandi þjóðveg og heitir hann Hamrafoss, hinir fimm eru ofan vegar og eru það Foss I, Foss II, Foss III, Stuðlafoss og Fagrifoss. Bæirnir á Fossi draga nafn sitt af háum fossi sem steypist fram af brúninni.³³

Í Jarðatali Johnsen frá 1847 er jörðin Foss metin á 24 hundruð, þar er hálf jörðin í eigu Kirkjubæjarklausturs og hálf í bændaeign.³⁴

Á jörðinni Foss eru friðlýstar minjar en þær eru utan við áhrifasvæði nýja vegarins. Minjarnar eru nú í landareign Foss III og í friðlýsingaskrá Minjastofnunar Íslands segir svo um minjarnar: „*Akurgirðingar miklar, fornar, í brekkunni vestur frá bæjarlæknum. Sbr. Árb. 1909:10. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 28.05.1931.*“³⁵

Líkt og kom fram í sögu Hörgslands er mikið um áveitur innan jarðamarka Foss. Engar áveitur voru sjáanlegar innan áhrifasvæðis nýja vegarins en tveir vegir voru skráðir.

³³ Örnefnaskrá Foss, Ari Gíslason skráði, bls. 1

³⁴ J. Johnsen, 1847, bls. 7

³⁵ Minjastofnun Íslands, 1990, bls. 47

3.6 FORNLEIFASKRÁNING FOSS

Númer: 2603-024

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Staðsetning: A: 554452 N:371422

Ástand: Ekki sést til fornleifa

Horfin: Já

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Vegna vegagerðar


Friðlýst: Nei

Staðhættir:

Inn á Herföringjaráðskort frá 1904³⁶ er merktur inn ógreinilegur vegur sem á upptök sín við Stakkarsleiti og fer þaðan niður til suðausturs yfir túnið Stakkarsmýri, niður yfir Aura sem er í landi Foss og tengist þar við varðaðan veg.

Minjalýsing:

Vegurinn er ekki sjáanlegur á yfirborði og samkvæmt herföringjaráðskorti hefur hann verið um 7,5 km.



Mynd 33. Leiðir merktar inn með rauðu innan áhrifasvæðis vegar. Vegirnir voru merktir inn á Herföringjaráðskort frá 1904.

³⁶ Herföringjaráðskort, Prestbakki-Kirkjubæjarklaustur, N.V 78, 1904

Númer: 2603-025**Hlutverk:** Leið**Tegund:** Vegur**Staðsetning:** A: 556550 N: 372037**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Að hluta**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Vegna vegagerðar**Friðlýst:** Nei**Staðhættir:**

Inn á Herforingjaráðskort frá 1904³⁷ er merktur vegur. Vegurinn á upptök sín við Holtsbrekkur þar sem hann fer svo niður til suðausturs, yfir Aurana og tengist svo við varðaðan veg vestan við bæinn Hraunból sunnan Brunahrauns.

Minjalýsing:

Vegurinn er ekki sjáanlegur á yfirborði innan áhrifasvæðis en rétt sést í hann suðvestan til á sandinum. Samkvæmt Herforingjaráðskorti hefur vegurinn verið um 3,2 km langur.

³⁷ Herforingjaráðskort, Prestbakki-Kirkjubæjarklaustur, N.V 78, 1904

4. NIÐURSTÖÐUR

Fyrir verkefni 3181 voru alls 4 minjar skráðar. Þær voru allar í Hörgslandi og voru það ein útihúsatóft [3181-001], tveir áveitugarðar [3181-002, 3181-003] og ein hleðsla [3181-004] með óþekkt hlutverk.

Allar minjarnar sem skráðar voru í verkefni 3181 teljast í hættu vegna vegagerðarinnar og liggur fyrirhugað vegstæði ofan á áveitugarði 3181-003. Hinar minjarnar teljast í hættu vegna nálægðar við framkvæmdina.

Fyrir verkefni 2603 voru 21 minjar skráðar. Á Keldnúpsslandi voru 15 minjar skráðar og voru það tvær réttir [2603-001, 2603-014], vegur [2603-015], stekkur [2603-013], fjárhús [2603-006], beðaslétta [2603-011], þrír túngarðar [2603-002, 2603-010, 2603-012], niðurgröftur [2603-005] og fimm tóftir með óþekkt hlutverk.

Á Hörgslandi voru fjórar minjar skráðar innan skráningarsvæðisins í verkefni 2603 og voru það tvær áveitur Hörgslandsáveitunnar [2603-016, 2603-017] og tveir vegir [2603-022, 2603-023].

Á landi Foss voru tvær minjar skráðar í verkefni 2603 og voru það heimildir um vegi [2603-023, 2603-024] sem voru merktir inn á Herforingjaráðskort.

Mögulegt er að gamalt býli hafi verið austan við Birnulæk þar sem tóftarþyrpingin er, þó eru engar heimildir fyrir því, en erfitt er að segja til um hlutverk þessara mannvirkja á yfirborði. Tvíhólfa tóft [2603-006] er innan garðlags norðan til og hefur það líklega verið fjárhús og hlaða. Það sem er sérstakt við þessar minjar er að þær eru margar saman á nokkuð sléttu túni. Oft finnast býli sem engar heimildir eru til um en samst sem áður er alveg eins víst að þarna sé aðeins um að ræða svæði sem hefur þótt gott að vera með útihús á og að þar hafi verið byggð nokkur hús á mismunandi tímum. Rústirnar eru mjög sokknar og gætu verið nokkuð gamlar. Þær eru ekki í neinni hættu vegna vegaframkvæmda.


Tóftin á Stekkjarholti hefur líklega verið stekkur þar sem svæði eru oft kölluð eftir þeirri starfsemi sem fór þar fram. Á Stekkjarhotli var einnig rétt og garðlag sem geta hafa tengst stekknunum þar.

Ljóst er að á Síðu hefur verið mikið um vatnsveitur og árnar notaðar til að koma vatni út á engjarnar. Ummerki um áveitur eru sjáanlegar á jörðunum þremur sem nýi vegurinn fer yfir. Þó voru einungis áveitur innan Hörgslands sem eru í hættu vegna vegagerðar en áveitur Keldunúps og Foss er utan við áhrifasvæðið.

Af þeim fimm vegum sem voru skráðir er einungis einn sjáanlegur innan áhrifasvæðis nýja vegsins. Vegur [2603-022] á Hörgslandi er rétt sjáanlegur meðfram Merkilæk og er sá vegur ekki merktur inn á Herforingjaráðskort. Núverandi vegur að Hörgsdal frá Keldunúpi hefur verið lagður á sama stað og vegur [2603-015] sem var merktur inn á Herforingjaráðskort.

Vegir [2603-023, 2603-024 og 2603-025] voru merktir inn á herforingjaráðskort og tengjast allir við varðaða leið til suðurs. Vegir [2603-023 og 2603-024] eru ekki sjáanlegir á yfirborði og því horfnir. Vegur [2603-025] er ekki sjáanlegur á yfirborði innan áhrifasvæðis var hægt að greina útlínur hans neðar til á sandinum.

Þær minjar sem eru í hættu vegna nýrrar veglagningar eru á landi Hörgslands og Foss. Þar mun vegurinn fara yfir áveitur [2603-017] og [3181-003] og vegi [2603-023], [2603-024] og [2603-025]. Einnig eru áveitugarðar [2603-016] og [3181-002] innan áhrifasvæðis framkvæmdanna, sem og útihúsatóft [3181-001] og hleðsla [3181-004]. Telja verður þá röskun sem verður á áveitugörðunum þar sem vegurinn fer yfir þá minniháttar miðað við magn þeirra um allt svæðið. Færsla vegar frá görðunum er líka frekar tilgangslaus því þá færi hann yfir aðra garða (sjá mynd 30).



Mynd 34. Myndin sýnir áveitukerfi neðan Hörgslandsbæja. Vegurinn raskar aðeins broti þeirra.

5. HEIMILDASKRÁ

Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 1-16. bindi. (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.

Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson, & Mörður Árnason (Ritstj.). (1992). *Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins*. Reykjavík: Mál og Menning.

Herforingjaráðskort frá 1904. Kort 78 - Prestbakki, Kirkjubæjarklaustur N.V. (1904). Landmælingar Íslands.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.

Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn. (1946). *Sturlunga Saga* (B. II). Reykjavík: Sturlungaútgáfan.

Jón Þorkelsson. (1908). Æfisaga Árna Thorsteinsson landfógeta. *Andvari tímarit hins íslenska þjóðvinafélags*(33), bls. 1-17.

Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir & Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. (2021). *Fornleifaskráning innan áhrifasvæðis nýs hringvegar (1-a4) frá Fossálum að Hörgsá í Skaftárhreppi*. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.

Minjastofnun Íslands. (1990). *Skrá um friðlýstar fornleifar*. Reykjavík: Fornleifanefnd.

Pálmi Einarsson. (1941). Framfærsla og áveitur. *Búfræðingurinn*, 1(8), 5-128.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. (2020). *Stærsta framkvæmd Íslandssögunnar: Kortlagning á áveitum frá 20. öld í Flóa og á Skeiðum. FS788-18111*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands SES.

Sigurður Sigurðsson. (1919). Vatnsveitingar. *Búnaðarrit Búnaðarfélags Íslands*, 1 & 2(33), 1-58.

Sigurgeir Steingrímsson. (án dags.). Jarðabók yfir Barðastrandarsýslu. Reykjavík. Sótt 1. febrúar 2021 frá <https://english.arnastofnun.is/page/jardabok>


Óútgefið efni:


Örnefnaskrá Foss. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Hörgslandsþorps. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Keldunúps. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

6. KORT





Skýringar

- Staðsetning fornleifa
- Fornleifar línur
- Fornleifar flákar
- Skráningarsvæði

0 50 100 150 m



Kortið sýnir staðsetningu áveitugarðanna sem fara undir veg.

Mælikvarði 1:3750 Dags. 3.4.2024
Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson



Skýringar

- Staðsetning fornleifa
- Fornleifar línur
- Fornleifar flákar
- Skráningarsvæði

0 50 100 150 m

Rústasvæði á Stekkjarholti og rústaþyrping
vestan Glennara.
Mælikvarði 1:3750 Dags. 3.4.2024
Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson